

1120. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. nóvember 2014, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður VR, sem ritaði fundargerð.

Varaformaður VR, Bjarni Þór, stýrði fyrri hluta fundar í fjarveru formanns sem kom um kl. 19:40, að loknum fundi formanna aðildarféлага Alþýðusambands Íslands með fulltrúum ríkisstjórnarinnar.

Áður en að formleg fundardagskrá hófst óskaði Bjarni eftir samþykki fundarins fyrir því að Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður VR, ritaði fundargerði í fjarveru Árna Leóssonar.

Samþykkt.

Þá óskaði Bjarni eftir því að fá að færa dagskrárliðinn Kjaramál aftar í tilefni fundarins með ríkisstjórninni sem nú stæði yfir og fjarveru formanns.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1119. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Bjarni lagði fram fundargerð 1118. fundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. 9. mánaða uppgjör

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri, lagði fram skjalið „*Rekstrarreikningur Janúar - September 2014*“ og fór yfir 9. mánaða uppgjör. Það felur ekki í sér miklar breytingar frá 6. mánaða uppgjörinu en afkoman er betri en áætlað var. Rekstrartekjur eru tæplega 2,1 milljarður eða 5% yfir áætlun og rekstrargjöld rúmlega 1,8 milljarðar sem er um 1,8% undir áætlun. Tekjur umfram gjöld voru 268 milljónir og hreinar tekjur til ráðstöfunar 409 milljónir.

Iðgjöld jukust um 7,8% á milli tímabila vegna hækkunar launa og fjölgunar félagsmanna. Tekjur vegna leigu orlofshúsa og orlofsþjónustu voru talsvert umfram áætlun sem rekja má m.a. til þess að fleiri gjafarbréf í flug voru seld og leigutekjur af orlofshúsum voru hærri vegna betri nýtingar og fleiri húsa.

Greiðsla bóta og styrkja var yfir áætlun sem rekja má til meiri útgreiðslu úr varasjóði. Umtalsverð aukning er í sölu gjafabréfa flugfélaganna sem skýrir að hluta aukningu í rekstrarkostnaði orlofsþjónustu.

Fjármagnsliðir lækka um 279 milljónir króna sem skýrist af minni ávöxtun á sjóðum félagsins.

Frekari umfjöllun í „Skýringar með 9 mánaða uppgjöri 2014“.

Umræður.

3. Áætlun 2015

Stefán fjallaði um skjölin „*Rekstraráætlun VR 2015*“ „*Rekstraráætlun VR 2015 – deildarskipt*“ og „*Rekstraáætlun VR 2015 – skýringar*“.

Forsendur áætlunar 2015 eru 1,4% fjölgun félagsmanna, 3,4% veðbólga í samærmi við spár greiningaraðila, vænt meðalávöxtun verðbrefasafns 6,06% og raunávöxtun 2,57%. Gert er ráð fyrir að greiðsla sjúkradagpeninga verði svipuð og árið 2014 en hækkun verði á framlagi í varasjóð. Við áætlunargerð var tillit tekið til hækkunar á framlagi í starfsmenntasjóði skv. kjarasamningum.

Í áætlun 2015 er gert ráð fyrir að tekjur nemi tæplega 2,9 milljörðum og gjöld tæplega 2,75 milljörðum, rekstrartekjur umfram gjöld verði um 140 milljónir króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 486 milljónir og hreinar tekjur til ráðstöfunar 626 milljónir króna.

Stefán fór yfir deildarskipta áætlun þar sem m.a. er gert ráð fyrir sterkari stöðu Sjúkrasjóðs VR. Lagt er til að framlag í VR varasjóð verði hækkað um 80 milljónir króna milli ára.

Lögð er til óbreytt fjárfestingastefna á milli ára, varfærin stefna, áhersla á innlán og skuldabréf með ábyrgð ríkisins.

Áætlun liggur fyrir stjórn milli funda og verður tekin upp á næsta fundi.

Ásta Rut lagði fram eftirfarandi bókun:

„Lagt fram á stjórnarfundum 12. Nóvember 2014. Ósk um ítarlegri upplýsingar við uppgjör og áætlun fyrir árið 2014.

- *Sundurliðun á liðnum fundir og ráðstefnur (áætlun og raun)*
- *Sundurliðun á liðnum prentun pappír og liðnum Dreifing og póstur ásamt hversu mörg blöð komu út 2013 og 2014.*
- *Sundurliðun á liðnum ráðgjöf (áætlun og raun)*

Umræður

4. Upplýsingastefna

Upplýsingastefna VR lá fyrir frá kynningu á síðasta fundi. Borin fram og samþykkt.

5. Skipan kjörstjórnar

Í lögum VR segir að kjörstjórn skuli skipuð þremur mönnum, tveimur tilnefndum af stjórn VR. Skipunartími núverandi kjörstjórnar rennur út í lok desember 2014.

Lögð var tillaga fyrir fundinn um aðal- og varamenn í kjörstjórn 2015 sem hér segir:

Aðalmenn skipaðir af VR: Hjördís Jónsdóttir, hjá Sambandi ísl. námsmanna erlendis, og Jón Hrafn Guðjónsson, hjá Flugger.

Varamenn skipaðir af VR: Þorsteinn Þórólfsson hjá Húsasmiðjunni og Þóra Skúladóttir Öfjörð hjá Vörubílastöðinni Þrótti.

Samþykkt.

6. Kjaramál

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Fundir í sameiginlegri samninganefnd ASÍ eru hafnir, gert er ráð fyrir því að félögin/samböndin fari fram sitt í hvoru lagi með launalið samninga, ekki er samstaða um að fara fram sameiginlega. Fundað var með forystumönnum ríkisstjórnarinnar í dag þar sem staðan var rædd.

VR hefur nýlokið við könnun meðal úrtaks félagsmanna, sk. fjarumræðuborð, og verða niðurstöðurnar til umfjöllunar í kjaranefnd í næstu viku.

Í dag fundaði VR með fulltrúum SA um sérákvæði í kjarasamningum, t.d. öryggismál og vinnutíma.

Umræður

7. Styrktarmál

Á stjórnarfundi 1118 var samþykkt að eingöngu þau samtök/félög sem hafa ársreikning aðgengilega á netinu geti fengið jólastyrk VR. Miðða við þær forsendur var lögð fram tillaga að jólastyrk stjórnar fyrir 2014

Hjálparstarf kirkjunnar	1.700.000
Rauði Krossinn	1.700.000
Akranes	200.000
Austurland	200.000



<u>Vestmannaeyjar</u>	<u>200.000</u>
	4.000.000

Lagt er til að deildir Rauða krossins á Akranesi, Austurlandi og í Vestmannaeyjum fá styrki sem ætlaðir eru þeim stöðum.

Samþykkt.

Styrktarþema stjórnar fyrir árið 2015 verður tekið fyrir á næsta fundi stjórnar.

Fundi var slitið kl. 21:10.
Steinunn Böðvarsdóttir fundarritari